

Efnafraeðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Táknið skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI

Flokkar tækja og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákvæðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutækniþúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.
2. Viðmiðunarrafhlöður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlæggt.
3. Færanlegt tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rokgjörn efni.

Nr. 947

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 1999:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar:

Einar Egilsson, Kópavogi, riddarakross fyrir fræðslu um náttúru landsins.

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að fræðslu- og skólamállum.

Dr. Guðmundur Guðmundsson, verkfræðingur, Akranesi, riddarakross fyrir rannsóknar- og þróunarstörf í þágu sementsiðnaðar.

Haraldur Ásgeirsson, verkfræðingur, Reykjavík, stórriddarakross fyrir rannsóknar- og þróunarstörf í þágu byggingaiðnaðar.

Helga Ögmundsdóttir, læknir, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf.

Ingvar Helgason, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að atvinnu- og líknarmálum.

Ólafur Ólafsson, fv. landlæknir, Reykjavík, stórriddarakross fyrir læknisstörf.

Dr. Páll Skúlason, háskólarektor, Reykjavík, riddarakross fyrir fræðistörf.

Sigrún Gísladóttir, skólastjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir störf að málefnum grunn-skóla

Svanhildur Hermannsdóttir, skólastjóri, Barnaskóla Bárðdæla, Stóru-Völlum, riddarakross fyrir störf að æskulýðs- og menningarmálum í dreifbýli.

Þórunn Pálsdóttir, hjúkrunarforstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu geð-fatlaðra.

17. júní:

Ágúst Guðmundsson, kvikmyndaleikstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Birgir Þorgilsson, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að ferðamálum.

Bragi Árnason, prófessor, Kópavogi, riddarakross fyrir vísindastörf og rannsóknir á nýtingu vetnis.

Bragi Einarsson, forstjóri, Hveragerði, riddarakross fyrir störf í þágu ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Gunnar Eyjólfsson, leikari, Reykjavík, riddarakross fyrir leiklist og störf í þágu æskulýðsmála.

Karólína Eiríksdóttir, tónskáld, Bessastaðahreppi, riddarakross fyrir tónsmíðar.

Katrín Hall, listdansstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskrar danslistar.

Rakel Olsen, útgerðarmaður, Stykkishólmi, riddarakross fyrir fjölþætt störf í sjávarútvegi.

Rannveig Rist, forstjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir stjórnunarstörf í atvinnulífi.

Sigurður Magnússon, íþróttافرömuður, Reykjavík, stórriddarakross fyrir forystu í íþróttum, einkum meðal fatlaðra.

Sæunn Axelsdóttir, forstjóri, Ólafsfirði, riddarakross fyrir frumkvæði í útflutningi sjávarafurða.

II. Erlendir ríkisborgarar.**20. janúar:**

Iouri Rechetov, sendiherra, Rússlandi, stórkross.

1. mars:

Anders Bröns, aðalræðismaður, Grænlandi, riddarakross.

27. mars:

Sören Langvad, verkfræðingur, Danmörku, stórriddarakross með stjörnu.

Ove Hornby, framkvæmdastjóri, Danmörku, riddarakross.

7. júní:

Bjarne Mörk Eidem, ríkisendurskoðandi, Noregi, riddarakross.

5. júlí:

Rolf Peters, Cuxhaven, Þýskalandi, riddarakross.

30. október:

Peter Bröste, forstjóri, Danmörku, stórriddarakross.

29. nóvember:

Magnus Olafson, bóndi, Norður Dakota í Bandaríkjunum, riddarakross.